



Alþingi

Erindi nr. P 115 / 600

komudagur 4 / 3 1992

Reykjavík, 3. mars 1992.

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
c/o hr. nefndarritari Þórður Bogason,
Þórshamri,
Reykjavík.

Hjálagt sendast upplýsingar sem óskað var eftir,
er fulltrúar Seðlabankans mættu hjá efnahags- og
viðskiptanefnd til umræðu um frv. til laga um
breytingu á lögum um Seðlabanka Íslands.

Virðingarfyllst,
SEÐLABANKI ÍSLANDS

B. B. J. Sigr. B. B. J.

Fskj.

Gjaldeyrisforði og styrkur seðlabanka á Norðurlöndum

Meðfylgjandi tafla var tekin saman vegna fyrirspurnar sem fram kom í efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis, er fulltrúar Seðlabankans mættu fyrir nefndina vegna frumvarps til breytinga á lögum um Seðlabanka Íslands. Spurt var um stærð og styrkleika Seðlabanka Íslands í samanburði við seðlabanka í öðrum löndum, með tilliti til þess að hafa áhrif á gjaldeyrismarkað. Fram hefur komið að fyrirhugaðar eru ýmsar breytingar sem auka eiga möguleika Seðlabankans til að hafa áhrif á vexti á skammtíma peningamarkaði og hafa með þeim hætti áhrif á gengi krónunnar.

Meðfylgjandi tafla gefur hins vegar vísbendingar um hlutfallslegan styrk Seðlabankans miðað við stöðuna eins og hún var í árslok 1990. Taflan sýnir stærð gjaldeyrisforða seðlabankanna á Norðurlöndum, í mynt hvers lands, í SDR og sem hlutföll af landsframleiðslu og innflutningi vöru og þjónustu. Fram kemur að hlutfallsleg stærð gjaldeyrisvarafordans víkur ekki verulega frá því sem gerist á hinum Norðurlöndunum. Hann er sá annar stærsti í hlutfalli við landsframleiðslu, en næst minnstur sem hlutfall af innflutningi. Munurinn stafar að því að íslenska hagkerfið er opnara en að jafnaði á hinum Norðurlöndunum. Taflan sýnir einnig heildareignir og eigið fé seðlabanka á Norðurlöndum, sem eru mælikvarðar á stærð og fjárhagslegan styrk þeirra. Á þessa mælikvarða er Seðlabanki Íslands sá minnsti ef miðað er við innflutning, en sá næst minnsti ef miðað er við landsframleiðslu.

Stærð gjaldeyrisfordans segir ekki allt um styrkleika seðlabankanna á gjaldeyrismarkaði. Þeir hafa einnig lánasamninga við aðra seðlabanka og opinberar alþjóðlegar fjármálastofnanir, sem þeir geta gripið til ef verulega gengur á gjaldeyrisvaraförða þeirra vegna gjaldeyrisústreymis. Þannig hefur Seðlabanki Íslands 30 m.SDR lánsheimildir vegna samninga við seðlabankana á hinum Norðurlöndum og 30-50 m.\$ lánsheimildir hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum í Basel. Ísland hefur 59,6 milljóna SDR kvóta hjá Alþjóðagjaldeyrissjóðnum, sem veitir því rétt til takmarkaðrar lántöku án skilyrða og enn meiri með skilyrðum. Að lokum má nefna að Seðlabankinn hefur opna lánasamninga við erlenda viðskiptabanka, sem hann getur nýtt sér ef gjaldeyrisfordinn rýrnar verulega.

28. febrúar 1992

**Samanburður á gjaldeyrisforða, heildareignum
og eigin fé seðlabanka á Norðurlöndum 1990.**

<u>I. Gjaldeyrisforði</u>	<u>Milljarðar mynt hvers lands</u>	<u>Milljarðar SDR</u>	<u>Hlutfall af¹⁾ landsframl.</u>	<u>Hlutfall af innflutningi²⁾</u>
Danmörk	52,7	6,4	5,3	18,0
Finnland	37,3	7,2	5,8	23,9
Ísland	24,3	0,3	6,6	18,7
Noregur	92,3	11,0	14,0	38,2
Svíþjóð	103,8	12,8	6,1	20,5
 <u>II. Heildareignir</u>				
Danmörk	132,4	16,1	15,5	52,7
Finnland	59,0	11,4	12,2	50,8
Ísland	41,3	0,5	12,4	35,3
Noregur	179,7	21,4	28,3	76,9
Svíþjóð	176,8	21,8	13,3	44,1
 <u>III. Eigið fé</u>				
Danmörk	29,1	3,5	3,6	12,2
Finnland	9,6	1,9	1,8	7,3
Ísland	8,0	0,1	2,4	6,8
Noregur	31,4	3,7	4,9	13,4
Svíþjóð	62,0	7,6	4,4	14,8

1) Meðaltal stöðu í upphafi og lok árs, sem hlutfall af vergri landsframleiðslu.

2) Meðaltal stöðu í upphafi og lok árs, sem hlutfall af innflutningi vöru- og þjónustu.

Heimildir: Danmarks Nationalbank, Beretning og regnskab, 1990.
Suomen Pankki, Bank of Finland Year Book 1990.
Seðlabanki Íslands, Árskýrsla, 1990.
Norges Bank, Beretning og regnskab, 1990.
Sveriges Riksbank, Annual Report, 1990.
IMF, International Financial Statistics, jan. 1992.